



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2013

Viðbótar umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 469. mál á 141. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) skiluðu inn umsögn dags. 10. desember sl. um ofangreint frumvarp en þar láðist að koma á framfæri beiðni til nefndarinnar um að leggja til frestun á gildistöku á 1. gr. laga nr. 122/2011 sem eru breytingarlög við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Ákvæðinu er að óbreyttu ætlað að taka gildi þann 1. september n.k.

Umrætt ákvæði er svohljóðandi:


Stjórn lífeyrissjóðs skal vera skipuð þremur einstaklingum hið fæsta. Hvort kyn skal eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í lífeyrissjóði skal tryggt að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í lífeyrissjóðum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.

Ákvæðið kom inn með breytingartillögu frá efnahags- og skattanefnd við meðferð á 704. máli á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

Tekið skal fram að LL styðja almennt þá stefnu að jafna hlutfall kynjanna í stjórnnum. Hins vegar virðist ofangreint ákvæði ekki nægilega hugsað út frá því hvernig skipun í stjórnir lífeyrissjóða er háttað og því þykir nauðsynlegt fyrir nokkra sjóði að fá frekara ráðrúm í tíma til aðlögunar. Hjá nokkrum lífeyrissjóðum er skipað í stjórnir með fulltrúalýðræði en þar að baki standa nokkrir tilnefningaraðilar. Í sumum aðildarfélögum er uppistaða félagsmanna af öðru kyninu og sem dæmi má nefna að örðugt kann að vera að finna kvenfólk innan sjómannstéttar og karlmenn sem hjúkrunarfræðinga. Í stjórnnum lífeyrissjóða er algengt að stjórnarmenn séu sex talsins sem felur í sér kröfu um 50% hlutfall af hvoru kyni. Nokkrar raddir hafa heyrst þess efnis að nauðsynlegt sé að kanna með hvort unnt sé að aðlaga ofangreint ákvæði betur að núverandi fyrirkomulagi á tilnefningum í stjórnir hjá lífeyrissjóðum. Hafa LL byrjað að kortleggja með hvaða hætti stjórnarkjöri er háttað hjá sjóðunum en slíkt er nauðsynlegt til að unnt sé að útfæra reglur sem ætlað er að jafna hlutföll kynjanna að teknu tilliti til sérstöðu viðkomandi sjóða.

Það er mat LL að nauðsynlegt sé að fram fari rannsókn á skipun í stjórnir sjóðanna og nánari greining á því hvernig unnt er að standa að tilnefningum. Kortlagning á málinu og tillögur að útfærslum í því sambandi eru líklegri til þess að sátt ríki um framkvæmdina. Nú liggur fyrir

að lífeyrissjóðirnir hafa ekki allir náð að aðlaga skipun í stjórnir sinna sjóða að ofangreindu ákvæði. Því óska LL eftir því við nefndina að lögð verði fram breytingartillaga við frumvarpið þess efnis að gildistöku ákvæðisins verði frestað fram yfir aðalfund sjóðanna á árinu 2014 sem fæli í sér gildistöku þann 1. júní 2014.

Virðingarfyllst
f.h. Ländssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri